



Reykjavík 8. ágúst 2024

Minnisblað

Efni: Aukið rekstrarframlag vegna hækkun kostnaðar við aðkeyptan akstur.

Samningar við núverandi verktaka um aðkeyptan akstur renna út 15. ágúst 2024. Stjórn Strætó og aðildarsveitarfélögin sem eiga Strætó fólu Strætó að bjóða út að nýju þann hluta sem þeir samningar ná til. Útboðinu lauk þann 19. apríl 2024 og skiluðu 2 aðilar inn tilboðum. Fyrir lá miðað við kostnaðaráætlun útboðs að tilboðsverð yrði hærra en fjárhagsáætlun ársins 2024 gerði ráð fyrir. Á eigendafundi Strætó þann 3. apríl 2024, var fjallað um stöðuna í útboðinu og því beint til stjórnar Strætó að óska eftir að því við aðildarsveitarfélög að gerður yrði viðauki við fjárhagsáætlun þeirra til að fjármagna þann mismun sem fyrir séður er á samþykktari fjárhagsáætlun 2024 vegna aðkeypts aksturs og endanlegri niðurstöðu skv. útboði. Kostnaður umfram áður samþykktari fjárhagsáætlun er áætlaður um 188 m.kr.. Í meðfylgjandi töflu er áætluð hlutdeild hvers aðildarsveitarfélags fyrir sig.

Aukaframlag 188.000.000

	Hlutfall	Fjárhæð	Á mán
Reykjavíkurborg	62%	116.092.149	25.798.255
Kópavogur	14%	25.833.131	5.740.696
Hafnarfjörður	10%	18.258.374	4.057.417
Garðabær	7%	14.069.412	3.126.536



Mosfellsbær	6%	10.356.432	2.301.429
Seltjarnarneskaupstaður	2%	3.390.501	753.445
	100%	<hr/> 188.000.000	<hr/> 41.777.778

Með vísan til bókunar eigendafundar frá 2. apríl er lagt til að aðildarsveitarfélög Strætó leggi félaginu til aukaframlög í samræmi við ofangreinda töflu. Óskað er eftir að beiðnin verði tekin fyrir sem fyrst.

Virðingarfyllst,


Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó bs.